

Hafnarfjörður 20.des 2019

Sæl Helga

Á vordögum sendi ég tölvupóst á Ishmael hjá framkvæmda og rekstrardeild vegna öryggismála á félagsvæði Sörla og einnig hittum við hann núna á haustdögum.

Væntanlega hefur málið ratað inn á borð hjá ykkur í umhverfis og skipulagsþjónustu bæjarins.

Það er ósk okkar Reiðvegarnefndarmanna að vel upplýst skilti verði sett upp fyrir neðan Hlíðarþúfur áður en komið er inn á félagsvæðið okkar hér í Sörla. Á skiltinu yrði að koma fram að vegfarendur væru að koma inn á okkar félagsvæði og þeir verði að taka tillit og sýna ýrtruðu varkárni. Við viljum endilega fá að koma með tillögu að texta á skiltið strax á nýju ári.

Einnig er það krafa okkar að hámarkshraðinn á Kaldárselsvegi verði lækkaður í 30 km hraða, á milli hverfanna Hlíðarþúfna og efri hesthúsa byggðar.

Teljum við það nauðsynlegt, því að áhugi manna á upplandi Hafnarfjarðar er mikill og hefur umferðin aukist ár frá ári, nú er kominn göngu og hjólastígur annarsvegar við veginn og reiðstígur hins vegar og mikil nauðsyn að lækka hraðann til að auka öryggi gangandi, hjólandi, ríðandi og akandi á þessu svæði.

Einnig hefur of komið til tals á milli fulltrúa félagsins og starfmannabæjarins að það þurfi að merkja hraunhringina – reiðveigina okkar sem eru okkar æfingasvæði betur svo gangandi og hjólandi umferð rati ekki óvart inn á þá því fólk veit ekki betur. Þetta kom einnig fram þegar við hjá hestamannafélaginu fengum fulltrúa frá tryggingafélaginu okkar til að koma og taka svæðið okkar út frá öryggissjónarmiðum þá fannst þeim þessum merkingum vera mjög ábótavant.

Það er ósk okkar að málin fái skjóta afgreiðslu á nýju ári.

Með fyrir fram þökk,

f.h. Reiðveganeftndar Sörla

Jón Ásmundsson